



SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

Tengivirki í landi Reykja við Laugarbakka

**Breyting á Aðalskipulagi Húnaþings Vestra 2014-2026
og nýtt deiliskipulag**

02.06.2026



LANDSNET



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

114954-03-LYS-V01

HÖFUNDUR

Íris Stefánsdóttir

RÝNT

Hrafnhildur Brynjólfsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2024 – 2038	5
2.1.2	Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014–2026	6
2.1.2	Deiliskipulag	6
2.2	Fornminjar	6
2.3	Verndarsvæði	7
3	FYRIRHUGUÐ BREYTING	7
3.1	Aðalskipulagsbreyting	7
3.2	Nýtt deiliskipulag	7
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	7
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	8

1 INNGANGUR

Skipulagslýsing þessi tekur til fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026 og gerðar nýs deiliskipulags fyrir lóðir undir tengivirki við Laugarbakka. Fyrir liggur að svæðið er nú skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi en fyrirhuguð uppbygging kallar á að landnotkun verði breytt í iðnaðarsvæði. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið deiliskipulag sem afmarkar lóð, byggingarreit, aðkomu og skipulagsskilmála fyrir mannvirkin.

Lýsingin er unnin skv. 1. mgr. 30 gr. og 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum skipulagsvinnunnar. Skipulagslýsingin er unnin af EFLU fyrir Landsnet, í samráði við Húnaþing Vestra.

1.1 Markmið

Markmið skipulagsvinnunnar er að skapa skipulagslegar forsendur fyrir lóðir undir tengivirki og spennistöð í landi Reykja við Laugarbakka og tryggja að uppbyggingin samræmist lögum, stefnu sveitarfélagsins og þeim takmörkunum sem gilda á svæðinu. Jafnframt er markmiðið að afmarka lóðir, tryggja örugga aðkomu, taka mið af veghelgunarsvæði og eignarmörkum og leggja grunn að uppbyggingu sem lágmarkar rask. Verkefnið er jafnframt liður í að styrkja afhendingu og dreifingu raforku á svæðinu, meðal annars með hliðsjón af auknu álagi vegna orkuskipta og uppbyggingar hleðsluinnviða.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið er staðsett rétt sunnan við Laugarbakka, um 1 ha að stærð, í nágrenni við Laxárvatnslínu 1 (sjá mynd 1). Aðkoma að svæðinu er frá Miðfjarðarvegi (704). Fyrirhugað er að stofna tvær lóðir úr sameignarlandi Ytri-Reykja (L144115) og Syðri-Reykja (L144151). Gert er ráð fyrir 2.500 m² lóð fyrir Landsnet undir tengivirki og 2.500 m² lóð fyrir Rarik undir spennistöð.

Aðkoma að nýjum lóðum verður um núverandi aðkomu að Steinholti (L229073). Samkvæmt fasteignaskrá er þar skráð frístundahús frá árinu 2023 og er kalt neysluvatn fyrir húsið tekið úr lind sem er staðsett um 300 m ofan við það.

Jarðvegur á svæðinu einkennist af jökulruðningi með misþykku lagi af moldar- og mýrarjarðvegi ofan á, sem víðast hvar er vel gróinn. Sums staðar stendur jökulruðningur upp úr yfirborði og er gróður þar rýrari. Berggrunnur er basískur og/eða ísúr og eldri en 3,3 milljón ára samkvæmt jarðfræðikortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Horft er til staðsetningar fyrir tengivirki og spennistöð þar sem háspennulína krossar þjóðveg og þar sem unnt er að koma fyrir afhendingarstað nálægt álagspunktum á svæðinu. Við skipulagsgerðina þarf að huga að afmörkun eignarmarkna samkvæmt landeignaskrá HMS, gera grein fyrir veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar sem nær 15 m út frá miðlínu vegar og taka tillit til helgunarsvæða raflína og hitaveitulagnar sem liggur um skipulagssvæðið. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og því er þörf á að breyta landnotkun þess í iðnaðarsvæði.



MYND 1 Drög að afmörkun deiliskipulagssvæðis merkt með rauðu.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir


2.1.1 Landsskipulagsstefna 2024 – 2038

Við skipulagsgerðina verður tekið mið af Landsskipulagsstefnu 2024–2038. Þar er meðal annars lögð áhersla á vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélags og samkeppnishæft atvinnulíf, auk þess sem uppbygging þjóðhagslega mikilvægra innviða er eitt af lykilviðfangsefnum stefnunnar. Fyrirhuguð

uppbygging tengivirkis og spennistöðvar fellur að þeirri áherslu að tryggja trausta og örugga innviði, enda er um að ræða mannvirki sem tengist flutningi og dreifingu raforku. Við frekari útfærslu verður jafnframt lögð áhersla á að framkvæmdin falli að staðhættum og taki tillit til umhverfisáhrifa og landnotkunar í dreifbýli.

2.1.2 Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014–2026

Skipulagssvæðið er innan Aðalskipulags Húnaþings vestra 2014–2026 þar sem landið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Til að gera ráð fyrir lóðum undir tengivirki og spennistöð þarf að breyta aðalskipulagi þannig að viðkomandi svæði verði skilgreint sem iðnaðarsvæði. Á mynd 2 má sjá staðsetningu skipulagssvæðis innan aðalskipulags^[1].



MYND 2 Staðsetning skipulagssvæðis innan aðalskipulags

2.1.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á eða við svæðið. Með nýju deiliskipulagi verður skilgreind lóð, byggingarreitir og aðkoma bíla, ásamt skilmálum um nýtingu, frágang og samspil mannvirkja við umhverfi sitt. Við deiliskipulagsgerðina verður leitast við að móta skipulag sem hentar starfsemi tengivirkis og tekur jafnframt mið af mögulegum takmörkunum á svæðinu.

2.2 Fornminjar

Unnar hafa verið fornleifaskráningar af svæðum í kring en ekki liggur fyrir fornleifaskráning af skipulagssvæðinu sjálfu. Haft verður samráð við minjavörð um þörf fyrir fornleifaskráningu og eftir atvikum verður unnin fornleifaskráning vegna skipulagsgerðarinnar.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m, sbr. 22. gr. sömu laga.

2.3 Verndarsvæði

Innan skipulagssvæðisins er votlendi samkvæmt kortlagningu vistgerða í kortasjá Náttúrufræðistofnunar. Votlendi er náttúrufyrirbæri sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ef það er 20.000 m² eða stærra. Náttúrufræðistofnun heldur skrá yfir náttúrufyrirbærið og birtir í kortasjá kortlagningu á lítt röskuðu votlendi sem er stærra en 20.000 fermetrar og meira en 200 m frá skurðum á láglandi, sem jafnframt er viðauki við náttúruminjasrá. Samkvæmt þeirri kortlagningu fellur svæðið ekki undir sérstaka vernd náttúrufyrirbæra. Við áframhaldandi skipulagsgerð verður gerð nánari grein fyrir umfangi votlendis innan svæðisins og hvernig tekið verður tillit til verndarákvæða.

3 FYRIRHUGUÐ BREYTING

Fyrirhuguð breyting felst annars vegar í breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026 og hins vegar í gerð nýs deiliskipulags fyrir lóð undir tengivirki við Laugarbakka. Með skipulaginu verður lagður grunnur að uppbyggingu tengivirkis og spennistöðvar á tveimur um 2.500 m² lóðum og skilgreind helstu skipulagsákvæði sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ráðast í framkvæmdina.

3.1 Aðalskipulagsbreyting

Í aðalskipulagsbreytingunni verður landnotkun svæðisins breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði þannig að heimilt verði að reisa tengivirki og spennistöð á lóðunum.

3.2 Nýtt deiliskipulag

Í deiliskipulagi verður nánar kveðið á um afmörkun lóða og byggingarreita, aðkomu að svæðinu, frágang innan lóða og aðra þá skilmála sem nauðsynlegir eru vegna uppbyggingar tengivirkis og spennistöðvar. Einnig verða settir skilmálar um hæð og stærð mannvirkja, öryggissvæði, lagnaleiðir og aðra þætti sem varða framkvæmd og rekstur svæðisins eftir því sem við á. Við útfærslu verður m.a. horft til þess að uppbygging geti í fyrstu verið einföld að umfangi, en jafnframt að skipulagið gefi svigrúm til síðari þróunar mannvirkja innan skýrs ramma ef rekstrarþarfir breytast.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Umhverfismati er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við mótun skipulagsáætlananna. Við mat á áhrifum á umhverfið verða áhrif á umhverfið metin í samræmi við eftirfarandi drög að umhverfisþáttum og matsspurningum.

TAFLA 1 Umhverfisþættir og matsspurningar

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðrask og yfirborð.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan í för með sér rask á landi? Hefur stefnan áhrif á víðerni? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i> <i>Búsvæði fugla og dýra.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði fugla? Hefur stefnan áhrif á annað dýralíf eða búsvæði þess?
Samfélag <i>Atvinnulíf.</i> <i>Orkuinnviðir og afhendingaröryggi.</i> <i>Nærliggjandi byggð.</i> <i>Útivist og aðgengi.</i>	Hefur stefnan áhrif á atvinnu- eða uppbyggingarmöguleika á svæðinu? Hefur stefnan áhrif á bætta orkuinnviði og aukið afhendingaröryggi raforku? Hefur stefnan áhrif á nærliggjandi byggð eða hagsmuni landeigenda? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika, aðgengi eða almenna umferð um svæðið?
Náttúru- og menningarminjar <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá.</i> <i>Fornminjar.</i>	Hefur stefnan áhrif á friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða önnur verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?
Grunnkerfi og samgöngur <i>Raflínur.</i> <i>Hitaveitulögn og aðrir innviðir.</i> <i>Vegir og aðkoma.</i>	Tekur stefnan mið af helgunarsvæðum raflína og öðrum tæknilegum kvöðum á svæðinu? Hefur stefnan áhrif á hitaveitulagnir eða önnur grunnkerfi? Er aðkoma að svæðinu fullnægjandi og örugg með hliðsjón af vegtengingum?

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillagnanna.

Skipulagslýsingin verður send HMS og öðrum umsagnaraðilum eftir umfjöllun sveitarfélagsins. Umsagnaraðilum og almenningi er gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður kynnt í skipulagsgátt HMS, auglýst í víðlesnu blaði og verður aðgengileg á vef Húnaþings Vestra.

Auk samráðs við landeigendur verður sérstaklega óskað eftir umsögnum um lýsinguna frá eftirtöldum:

- Aðliggjandi sveitarfélög
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- HMS (Skipulagsstofnun)
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Rarik
- Náttúruverndarstofnun
- Vegagerðin

Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillögur verða auglýstar og kynntar skv. 30., 31., 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

